



Fjölbrotaskóli  
Suðurlands

## Lífeðlis- og líffærafræði LÍOL2SS05 Kennsluáætlun vorönn 2018

**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** ÍÐ

### **Kennslugögn:**

1. *Líffæra- og lífeðlisfræði I. bindi*. Regína Stefnisdóttir (IÐNÚ 1995).
2. *Human Anatomy Coloring Book*.
3. *Glærur, skyggjur, ljósrit*. Nánar kynnt í kennslustundum.

### **Lýsing**

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvæghneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjakerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

### **Forkröfur**

#### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumustarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

**Kennsluform:**

Fyrirlestrar og umræða um námsefnið, heimaverkefni og tímaverkefni.

**Námsmat:**

Skriflegt próf í lok annar. Vægi: 70%

Verkefni og hlutapróf. Vægi: 30%.

Nemendur verða að skila 90% verkefna innan tímaramma og standast kröfur skólans um mætingu. Nema um annað sé samið.

## Áætlun annarinnar

Vikur/dags.	Hugtök og efnisþættir	Lesefni
1. vika 05.1	Kynning á námsefni. Frumur og vefir	3. kafli
2. vika 08.-12.1	Frumur og vefir	3.kafli
3. vika 15.-19.1	Þekjakerfið	4. kafli
4. vika 22.1- 26.1	Þekjakerfið	4. kafli
5. vika 29.1-02.2	Bein og liðir	5. kafli
6. vika 5.2-9.2	Bein og liðir	5. kafli
7. vika 12.2-16.2	Vöðvar	6. kafli
8. vika 19.2-23.2	Vöðvar	6. kafli
9. vika 26.2.-02.3	Vöðvar	6. kafli
10. vika 5.3.-09.3	Verkefnavinna í vöðvum og beinum <b>Könnun 5mars</b>	
11 vika 12.3-16.3	Hlutverk tauga- og miðtaugakerfis	7. kafli
12. vika 19.3-23.3	Úttaugakerfið	
13.vika 26.3-2.4	Páskafrí	8.kafli
14. vika 3.4-6.4	Úttaugakerfið	8.kafli
15.vika 9.4.13.4	Skynfæri	9.kafli
16. vika 16.4.-20.4	Skynfæri	10. kafli
17. vika 23.4.-27.4	Innkirtlakerfið	10. kafli
30.4-04.5 7.5-9.5	Innkirtlakerfið Upprifjun	

Commented [íþ1]: